

LÍFÆÐIN FM 2011 - 2012 (7. des. - 7. jan. 2012)

“Samningur um styrktaraðild” - Kvittun fyrir greiðslu.

Þeir aðilar sem hyggjast styrkja **Lífæðina FM** að þessu sinni eru vinsamlegast beðnir um að staðfesta styrk-upphæðir í tölvupósti á netfangið liffm@talnet.is, sem allra fyrst.

Miðað er við að styrktaraðilar greiði styrki sína fyrir **30. nóvember n.k.**, eða í síðasta lagi þann 2. desember n.k. þar sem **Lífæðin FM** þarf að greiða öll leyfisgjöld og leigu á tækjabúnaði áður en útsendingar hefjast.

Að sjálfsögðu geta nýjir styrktaraðilar bættst í hópinn allt til síðasta útsendingardags þann **7. janúar n.k.**

Einnig er mikilvægt að styrktaraðilar tilkynni styrki sína fyrir fyrrgreindan tíma, þar sem taka þarf upp kynningarstef **Lífæðarinnar FM** í tíma, sem inniheldur nöfn allra þeirra aðila sem styrkja útvarpsstöðina, áður en útsendingar hefjast, þann 7. desember kl: 13:00 með formlegum hætti.

Nöfn þeirra styrktaraðila er kunna að bætast í hópinn eftir að útsendingar hefjast þann **7. desember n.k.**, verða lesin upp í beinni útsendingu eða bætt við kynningarstefið okkar eins fljótt og mögulegt er og bætt við listann á vefnum okkar umsvifalaust, í stafrófsröð.

Útsendingar **Lífæðarinnar FM** munu formlega hefjast þann **7. desember n.k. kl: 13:00** með sérstöku opunarhófi og stendur öllum til boða að mæta í opunarhófið, þygga léttar veitingar og hugsanlega spjalla aðeins við útvarpsstjóra í beinni útsendingu ef tími vinnst til.

Útsendingarsvæði Lífæðarinnar FM verður nú stærra en nokkru sinni fyrr og verður sent út þráðlaust á FM á eftirfarandi stöðum: **Bolungarvík, Ísafirði, Hnífsdal, Súðavík, Suðureyri, Flateyri, Þingeyri, Hólmavík, Drangnesi, Reykhólum, Patreksfirði, Tálknafirði, Bildudal og á netinu á vef útvarpsins.**

Einnig mun **Lífæðin FM** senda út þráðlaust á **FM 98,3**, í samstarfi við **Útvarp Ás** í Kópavogi, á öllu höfuðborgarsvæðinu í fyrsta skipti í sögu útvarpsins. Þetta er gríðarleg stækkun á hlustendasvæði útvarpsins.

Einnig hefur **Lífæðin FM** gert samstarfssamning við útvarpsstöðina Kanann í Reykjavík um að fá að endurútvarpa dagskrá Kanans í gegnum allt dreifikerfi Lífæðarinnar FM, þegar ekki er formleg dagskrá í gangi á **Lífæðinni FM**.

Síðast þegar **Lífæðin FM** var í loftinu, þ.e. frá **9. desember 2010 - 9. janúar 2011 tóku um 360 manns** á öllum aldri, þátt í dagskrárgerð útvarpsins og ef fram heldur sem horfir munu þátttakendur verða eitthvað fleiri í þetta sinn.

Öllum stendur til boða að taka þátt í dagskrá útvarpsins, óháð búsetu og aldri. Tæknilegir möguleikar og gæði hljóðs í gegnum netið er nú orðið það gott að hver sem er getur sest við tölvu sína, hvar sem er í heiminum og tekið þátt í herlegheitunum, t.d. í gegnum Skype, Voip, MSN Messenger, Yahoo Messenger og margt fleira.


Dagskrárgerðarfólk á netinu þarf að vera í myndsambandi við tæknimann í hljóðveri **Lífæðarinnar FM** og hafa yfir að ráða höfuðtölum með hljóðnema af þokkalegum gæðum. Allar nánari upplýsingar um þetta fyrirkomulag má auðveldlega fá hjá útvarpsstjóra eða með því að senda fyrirspurn á netfangið liffm@talnet.is. Jafnframt geta áhugasamir tekið upp kynningar, tilbúna þætti, fréttaskeyti, og svo frv. og sent tæknimönnum til afspilunar. Upptaka í hefðbundinni borð- eða fartölvu eða t.d. með Iphone, Ipad eða lítlu vasa upptökutæki er tiltölulega einfalt mál og framkvæmanlegt af hverjum sem er því hugbúnaður nútímans er brúklegur fyrir fólk á öllum aldri, bara spurning um áhuga og vilja til þess að taka þátt í dagskrá útvarpsins.

Lífæðin FM hefur vaxið jafnt og þétt frá því að útvarpið fór fyrst í loftið í desember 1992. Markmið útvarpsins hefur ætíð verið að byggja upp öflugan útvarpsmiðil sem yrði þverskurður af samfélaginu hverju sinni með því að virkja íbúa landsins í dagskrá útvarpsins, spila allar tegundir tónlistar, krydda tilveruna á Íslandi með jákvæðu og skemmtilegu útvarpsefni sem tekur mið af þörfum hlustenda en ekki bara hugarheymi og tónlistar-smekk þess er situr í hljóðveri einstakrar útvarpsstöðvar, hverju sinni.

Fyrir hönd **Lífæðarinnar FM**, þakka ég undirritaður kærlega fyrir veittan stuðning við þetta magnaða verkefni. Með stuðningi þínum ertu að leggja þitt lóð á vogarskálarnar og auðvelda einni sérstæðustu útvarpsstöð landsins að vaxa og dafna í þá veru að eftir verður tekið á lands- og heimsvísu.

f.h. Lífæðarinnar FM

f.h. styrktaraðila


Þórður Vagnsson, Útvarpsstjóri

Lífæðin FM - Vestfirskt jóla- og menningarútvarp

www.lifaedin.com - Engihjalli 11 - 200 Kópavogur

s. 844 6213 - liffm@talnet.is

Styrktarreikningur okkar er:

0101-26-090269 kt. 090269-5189

Vinsamlegast skrifið undir yfirlýsinguna og sendið hana í pósti til útvarpsstjóra.

- Lífæðin FM - Vestfirskt jóla- og menningarútvarp - 7. desember 2011 - 7. janúar 2012 - www.lifaedin.com -